

Á að baki fjórtán ár í fjármálageiranum

SVIPMYND >> Margit Robertet hefur víðtæka reynslu af fjármálaheiminum. Nú hefur hún ráðið sig til Auðar Capital. **Guðmundur Sverrir Þór** varpar upp svipmynd af henni.

Þegar farið er inn á vef nýjasta bankans á Íslandi, Auðar Capital, blasir við mynd þar sem vitnað er í hið virta viðskiptatímarit Economist. Þar segir (lauslega þýtt): „Gleymið Kína, Indlandi og netinu; hagvöxtur er drifinn áfram af konum.“ Ein af þeim öflugum konum sem komið hafa við sögu uppgangs fjármálageirans hér á landi er Margit Robertet sem um miðjan mánuðinn mun hefja störf hjá Auði en hefur undanfarin ár gegnt starfi framkvæmdastjóra lánasviðs hjá Straumi-Burðarási.

„Ég er fædd í Ósló í Noregi árið 1965 en flutti heim tveimur árum síðar og ólst upp í Árbænum. Að loknu námi í Verzlunarskóla Íslands fór ég til Bandaríkjanna í háskólanám. Ég var á stað sem heitir Boulder í Kólórado-fylki í þrjú ár og lauk prófi í markaðsfræðum. Ég kom heim 1989 og fór að vinna í bókhaldi hjá Fjárfestingarfélagi Íslands og var þar í tvö ár,“ segir Margit.

Rotterdam, London, París

Útþráin var hins vegar mikil að sögn hennar og því fór hún til Rotterdam í Hollandi og hóf MBA-nám við Erasmus-háskólann. Að því loknu, árið 1993, fluttist hún til London og fór að vinna sem greinir hjá Barclays, einum stærsta banka heims. Síðan hefur Margit ekki litið um öxl og hefur hún því starfað í fjármálageiranum í 14 ár. Nú úir og grúir af Íslendingum í fjármálaverfi London en þegar Margit hóf störf hjá Barclays var auk hennar aðeins einn Íslendingur, sem hún veit af.

Margit giftist frönskum manni og fékk bankann til þess að flytja hana til Parísar þar sem hún bjó til ársins 2005 þegar hún fluttist heim til Íslands. „Í París varð maður bara franskur. Ég hafði lært frönsku á sínum tíma í Verzló en mundi lítið af henni. Málið var þó fljótt að koma og nú tala ég frönsku eins og innfædd.“ Hjá Barclays í París, sem síðar varð Crédit Suisse, starfaði Margit í fyrirtækjaráðgjöf og kom að mörgum afar stórum viðskiptum. Sem dæmi má nefna að hún tók þátt í bardaga LVMH við PPR um að kaupa Gucci og jafnframt vann hún í tvígang fyrir franska olíurisann Total. „Í fyrsta skiptið var ég í Credit Suisse-teyminu sem ráðlagði Total við yfirtökuna á belgíska félaginu Petrofina og síðar þegar Total yfirtók annað franskt félag, Elf.“

Fyrir tveimur árum ákvað Margit að flytja heim og hóf hún þá störf hjá Burðarási þar sem hún leiddi und-



Morgunblaðið/Golli

Fjármálakona Margit Robertet hefur komið víða við á löngum ferli í fjármálaheiminum.

irbúning að tilboði félagsins í Símann. Þegar Burðarás sameinaðist Straumi síðla árs 2005 bauðst henni svo starf framkvæmdastjóra lánasviðs. „Þetta var að vissu leyti ný reynsla en ég hafði verið viðriðin skuldsettar yfirtökur erlendis. Við vorum þrjú þegar ég byrjaði og þegar ég hætti vorum við orðin 20 á lánasviðinu þannig að vöxturinn hefur verið ör,“ segir Margit.

Konur fara fyrir miklu fjármagni

Nú hefur hún, eins og áður segir, ráðið sig til Auðar Capital. „Ég mun stýra fyrirtækjaráðgjöfinni og okkar áhersla verður á að þjónusta fyrirtæki þar sem konur eru í forsvari fyrir eða lykilstjórnendur í auk fyrirtækja sem þjónusta konur sérstaklega. Við munum þó að sjálf-sögðu bjóða alla velkomna í viðskipti en okkar áhersla verður fyrst og fremst á að gera fjármálaheiminn að-gengilegan konum.“

Aðspurð hvort í raun sé markaður fyrir rekstur af þessu tagi segist Margit þess fullviss. „Konur fara fyrir miklu meira fjármagni en margir halda. Nýjar rannsóknir Economist sýna að konur eiga nú þegar 48% sparnaðar í Bretlandi og þeir spá því að árið 2020 verði fleiri konur en karlar milljónamæringar. Það er fyrst og fremst vegna þess að konur eru að mennta sig meira og því er sjálfsaflafé þeirra að aukast hratt. Það er þessi þróun sem Auður er að horfa til. Það hversu margir hafa barið dyra hjá Auði, í raun áður en starfsemi er formlega hafin, sýnir þörfina á fyrirtæki sem starfar markvisst að því að miðla fjármagni frá konum og til kvenna. Við getum kannski ekki fjárfest í öllum verkefnum en við eigum alltaf að geta veitt konum ráðgjöf okkar og hjálpað þeim áleiðis,“ segir Margit Robertet.

sverri@mbi.is

Morgunblaðið

Thursday, 8 November 2007, p. 924

